

## Tillaga til þingsályktunar

### um ætliðaskipti og nýliðun í landbúnaðarrekkstri.

Flm.: Birgir Þórarinsson, Jón Gunnarsson,  
Óli Björn Kárasón, Vilhjálmur Árnason.

Alþingi ályktar að fela innviðaráðherra, í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðherra, að undirbúa og leggja fram frumvarp sem auðveldar og hvetur til ætliðaskipta og nýliðunar í búskap, þar sem mælt verði fyrir um skattalega hvata fyrir kaupendur bújarða til að halda áfram búskap á bújörð og lagaákvæði um húsnæðisstuðning og annan sambærilegan félagslegan stuðning sem hið opinbera veitir aðlöguð bújörðum. Horft verði til regluverks í Þýskalandi þar sem heimilt er að ráðstafa jörð til lögerfingja án greiðslu, í því skyni að halda ákveðnum svæðum í landbúnaðarrekkstri, en tekjuskattskvöð virkjast ef viðkomandi hættir búskap. Tilgangurinn er að halda ákveðnum svæðum í landbúnaðarrekkstri og tryggja framtíð íslensks landbúnaðar.

#### Greinargerð.

Tillaga svipaðs efnis hefur áður verið flutt á 151. löggjafarþingi (422. mál) og 153. löggjafarþingi (505. mál).

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að innviðaráðherra í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðherra verði gert að undirbúa og leggja fram frumvarp þess efnis að jarðeigendum verði heimilt með einföldum hætti að ráðstafa jörð sinni milli ætliða. Markmið tillögunnar er að treysta búrekstur í landinu og að gera ábúendum jarða auðveldara að ráðstafa jörð innan ættar. Talsverð umræða er um vanda við kynslóðaskipti og nýliðun í búskap. Núverandi samningar við bændur bera með sér að sá vandi hefur verið að nokkru verið viðurkenndur, með úrræðum til að styðja við nýliða. Allt eins mætti horfa til kynslóðarinnar sem er að láta af búskap og láta úrræðin vinna með markmiðum samninga bænda og ríkis. Eldri kynslóðir hafa yfirleitt lakan lífeyrisrétt. Lengi framan af voru reglur með þeim hætti að bændur gátu ekki safnað sér lífeyrisréttindum í samræmi við umsvif síns búskapar. Á margan hátt er fullt eins mikilvægt og vænlegt til árangurs að horfa til þess að auðvelda kynslóðaskiptin með úrræðum fyrir þann sem lætur af búskap.

Mikilvægi innlendarar matvælaframleiðslu er óumdeilt. Lýtur það ekki síst að matvælaöryggi þjóðarinnar. Innan fárra ára, eða árið 2030, þarf að auka matvælaframleiðslu um 40% til þess að mæta aukinni fjölsfjölgun. Nýliðun í landbúnaði er langt frá því að vera nægjanleg til þess að standa undir þeirri aukningu. Því er nauðsynlegt að færa í lög hvata fyrir einstaklinga að stofna til eða viðhalda landbúnaðarrekkstri, m.a. í gegnum húsnæðisstuðningskerfið og skattalöggjöfina.

Til þess að tryggja nýliðun í landbúnaði er einnig mikilvægt að ungir bændur eigi þess kost að eignast jörð eldri kynslóða án þess að stofna til þungrar skuldabyrði. Oft er það vilji þeirra sem eignast jörðina að henni verði ráðstafað innan fjölskyldunnar og jafnvel til tiltekins ættingja sem hyggst halda áfram búskap á henni. Það getur hins vegar verið verulegum

vandkvæðum bundið að ráðstafa slíkum jörðum til yngri kynslóða án þess að slíkt stofni til íþyngjandi skulda fyrir viðkomandi. Verðmæti bújarða hefur í mörgum tilvikum aukist verulega vegna uppbyggingar á þeim undanfarin ár og því getur reynst erfitt fyrir næstu kynslóðir að kaupa þær af foreldrum eða með erfingjum. Vegna þessa hafa margir þurft að búa við þunga skuldabyrði vegna kaupanna eða þurft að hverfa frá jörðunum og búskapur á þeim lagst niður.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um ættaróðal og erfðaábúð frá árinu 1943 segir að markmið laganna sé að draga úr þeirri skuldabyrði sem fylgir því að ungir bændur kaupi jarðir af foreldrum sínum eða með erfingjum. Sú skuldabyrði olli því að kaupendur gátu oft litlu áorkað til umbóta á jörðum sínum. Eftir brottfall ákvæða um heimild til stofnunar nýrra ættaróðala úr jarðalögum er staðan alls ekki ólík. Því er tilefni til þess að farið verði í heildræna endurskoðun á því hvernig haga megi ættliðaskiptum á bújörðum til framtíðar þannig að nýliðun verði sem allra mest og að ungir bændur geti tekið við búum af eldri kynslóðum án þess að þurfa að taka á sig óviðráðanlega skuldabyrði.